



## Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 7. júní 2012

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar á bæjarskrifstofunni, fimmtudaginn 7. júní 2012. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Grenjavinnsla og refaveiðar.
2. Skrapatungurétt.
3. Upprekstur.

### Afgreiðslur:

1. Grenjavinnsla og refaveiðar. Arnar Þór Sævarsson og Vignir Björnsson mættu á fundinn til að ræða þennan lið. Rætt var um fjárveitingu til refa- og minkaveiða í sveitarfélaginu sem samkvæmt fjárhagsáætlun verður 350.000 krónur. Fram kom að nefndarmönnum og Vigni þykir þetta nokkuð knappt til að leita og vinna refi og minka á svæðinu svo vel sé og til að mynda dugir það ekki til að fá aukamann til aðstoðar við leit að grenjum, sem væri til hagsbóta. Einnig var rætt um vetrarveiði á svæðinu en nokkuð hefur verið um að menn dragi út fyrir ref en sinni síðan veiðinni ekki sem skyldi.
2. Skrapatungurétt. Arnar bæjarstjóri sat áfram fundinn undir þessum lið. Rætt var um veginn að réttinni og fram Laxárdal en ástand hans er orðið bágborið og þarfnast töluverðs viðhalds. Einnig var rætt um húsið í Núpsöxl sem f auk fyrir nokkrum árum og þyrfti að fjarlægja. Lagt var til að byggingafulltrúa verði falið að skoða það mál og hafa samband við eiganda hússins. Nefndin hvetur bæjarstjórn til að halda áfram viðhaldi við Skrapatungurétt samkvæmt áætlun byggingafulltrúa og viðhalda veginum eins og kostur er, svo fært sé flestum bílum.
3. Upprekstur. Ákveðið var að heimila upprekstur hrossa í afréttarlönd Blönduósbæjar 22. júní næstkomandi að öllu óbreyttu. Hagagjald og fyrirkomulag upprekstrar verði með sama sniði og undanfarin ár. Hrossaeigendum verður tilkynnt um þetta bréflega. Hrossaeigendur sem reka hross í afrétt eru hvattir til að fullvissa sig um að hrossin séu annað hvort mörkuð eða merkt með fullnægjandi hætti.

*Fundagerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.*

Gauti Jónsson (sign.)  
Ágúst Sigurðsson (sign.)

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)